

og hefur að geyma áreitniskennar ráðleggingar til «Skuldar» eða ritstjóra hennar.

Fyrir því verður yfirdómurinn að álíta, að grein þessi sje ekki þannig rituð, að stefndi eigi heimtingu á, að áfrýjandi taki hana í blað sitt «Skuld» sem leiðrjettingu á grein «Skuldar»: «Leynileg fundarhöld».

Verður því að dæma áfrýjanda sýknan af kærur og kröfum stefnda í máli þessu. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi máls þessa, ritstjóri Jón Ólafsson, á að vera sýkn af kærur og kröfum hins stefnda, Eyjólfss Þorsteinssonar, í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Nr. 17/1878:

Árni Jónsson, Magnús Benediktsson og Grímur Ólafsson
gegn

kaupmanni H. Th. A. Thomsen.

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 20. ágúst f. á., hafa þeir Árni Jónsson og Magnús Benediktsson, bændur á Breiðholti, og Grímur Ólafsson, bóndi á Hólmi, áfrýjað dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 6. maímán. næst á undan, en með þeim dómi eru þeir dæmdir fyrir skemmdir á veiðivjelum kaupmanns H. Th. A. Thomsens í Elliðaánum til að greiða hver um sig 50 króna sekt til landssjóðs, eða, ef sektirnar ekki eru greiddar í ákveðinn tíma, þá til að sæta fangelsi hver um sig í 15 daga; svo eru þeir og dæmdir til að gjalda nefndum kaupmanni í skaðabæt-

ur 25 kr. 98 aura, og að auki fyrir veiðimissi á tíma-
bilinu frá 20.—30. ágúst 1877 eptir því sem 2 óvil-
hallir dómkvaddir menn meta, hvorttveggja in solidum,
þó þannig, að þessar skaðabætur ekki fari fram úr 53
krónum, og loks eru þeir skyldaðir til að gjalda sækj-
andanum in solidum 30 kr. í málskostnað. Fyrir und-
irrjettinum höfðu áfrýjendurnir höfðað gagnsókn gegn
aðalsækjanda, og krafizt, að hann yrði dæmdur til að
greiða þeim að fullu skaðabætur fyrir veiðimissi frá
þinglestursdegi viðaukalaga 11. maí 1876 til 20. ágúst
1877 eptir dómkvaddra manna mati, en gagnsóknar-
málinu var með áður nefndum dómi vísað frá undir-
rjettinum.

Fyrir yfirdóminum hafa áfrýjendurnir krafizt, að
þeir verði dæmdir sýknir af kærnum og kröfum hins
stefnda i þessu máli, en hann dæmdur samkvæmt
gagnsóknarkröfum áfrýjendanna, sem og til að greiða
þeim allan af máli þessu í hjeradi og fyrir yfirdómin-
um löglega leiðandi kostnað. Hinn stefndi hefur apt-
ur á móti krafizt, að dómur undirrjettarins verði stað-
festur, og að áfrýjendurnir verði skyldaðir til að greiða
honum málskostnað með einhverju nægilegu.

Tildrög þessa máls eru þau, að 20. ágústmán.
1877 tóku áfrýjendurnir upp tvær hinar stærstu laxa-
kistur hins stefnda úr Elliðaánum, þar sem hann á
laxveiði, limuðu þær að miklu leyti í sundur og brutu
þær meira eða minna, og fleygðu þórtunum upp á ár-
bakkana, en höfðu grindurnar á burtu með sjer; síðan
tilkynntu þeir hlutaðeigandi lögreglustjóra og hrepps-
nefnd hvað þeir höfðu aðgjört. Eptir beiðni hins
stefnda voru tveir óvilhallir menn kvaddir fyrir rjetti
til að álita og meta skemmdir þær, sem áfrýjendurnir
hefðu gjört á laxakistum hins stefnda, og möttu þeir
skaðann á kistunum 25 kr. 98 a., auk 30 kr. fyrir að

setja þær niður aptur. Áfrýjendurnir hafa viljað rjettlæta þessar aðgjörðir sínar með því, að 7. gr. í viðaukalögum við Jónsbókar landsleigubálks 56. kapitula um friðun á laxi, dagsettum 11. maí 1876, mæli svo fyrir, að öll ólögmet veiðiáhöld skuli upptæk og ólöglegir veiðigarðar óhelgir; en yfirdómurinn verður að vera ásama máli og undirdómarinn um það, að þessi ákvörðun veiti embættisvaldinu einu heimild til að gjöra veiðiáhöld upptæk og að láta rífa veiðigarða, með því að það ekki getur borið undir einstaka menn, heldur undir embættisvaldið að dæma um, hvort veiðiáhöld sju ólögmet og veiðigarðar ólöglegir eða ekki. Áfrýjendurnir verða því að sæta ábyrgð til hegningar fyrir skemmdir þær, er þeir með þessu athæfi sínu hafa gjört á annars manns eigum, og virðist hegning sú, er þeir hafa til unnið, hæfilega metin eptir 298. gr. hegningarlaganna 10 kr. sekt til landssjóðs fyrir hvern þeirra, eða 3. daga einfalt fangelsi, ef sektin ekki er greidd á tilteknum tíma. Hins vegar ber að staðfesta undirrjettardóminn, að því leyti sem hann skyldar áfrýjendurna til að greiða in solidum 25 kr. 98 a. í skaðabætur fyrir skemmdirnar á veiðivjelum hins stefnda, en að því er snertir skaðabætur fyrir veiðimissi á tímabilinu frá 20.—30. ágúst 1877 eptir óvilhallra manna mati, þá getur yfirdómurinn ekki fundið nægt tilefni til að dæma hinum stefnda þessar síðarnefndu skaðabætur þegar af þeirri ástæðu, að nægar upplýsingar ekki eru fyrir hendi, er hinir óvilhöllu menn gætu byggt þetta mat sitt á.

Að því er snertir gagnsóknarkröfur áfrýjendanna, þá eru þær svo óákveðnar — meðal annars þar sem þær fara fram á bætur eptir óvilhallra manna mati fyrir veiðimissi frá þinglestursdegi áðurnefndra laga 11. maí 1876, án þess að upplýsa neitt nákvæmar

um þenna þinglestursdag, en það getur ekki borið undir hina óvilhöllu menn að upplýsa, hvaða dag lögin hafi verið þinglesin í hverri af þeim þinghám, er til greina gætu komið í þessu efni, nje að ákveða, hver þinglestrardagurinn ætti að ráða —, að þær þegar af þessari ástæðu ekki verða teknar til greina, og ber því samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, 5. gr, að vísa gagnsóknarmálinu frá dómi.

Um málskostnað í hjeraði ber að staðfesta undirrettardóminn, og í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjendunum að greiða hinum stefnda 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjendurnir Árni Jónsson, Magnús Benediktsson og Grímur Ólafsson, eiga að greiða 10 kr. sekt hver þeirra, er til falli landssjóði, en verði þær eigi greiddar í ákveðinn tíma, skulu þeir hver fyrir sig sæta einföldu fangelsi í 3 daga. Svo ber þeim einum fyrir alla og öllum fyrir einn að greiða í skaðabætur til kaupmanns Thomsens 25 krónur 98 aura.

Um frávisun gagnsóknar og málskostnað á hinn áfrýjaði aukarjettardómur óraskaður að standa, og ber áfrýjendunum enn fremur einum fyrir alla og öllum fyrir einn að greiða hinum stefnda 30 krónur í málskostnað hjer fyrir rjettinum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá hans löglegri birtingu undir aðför að lögum.